

Heimildir landskiptalaga

Eftir Tómas Ísleifsson

Eftir Tómas Ísleifsson: "Jarðatal Johnsens 1847 er ein af þremur „leyfilegum“ heimildum eignarréttar landskipta. Í greininni er rakið á hverju bók Johnsens byggir."

Íslensk lög í eignarrétti landskipta, sem hafa verið í gildi í tæp áttatíu ár, brjóta í bága við almenn ákvæði eignarréttar um sönnun á eign. Hér er átt við landskiptalög nr. 46/1941, sem einskorða heimildir við: *Jarðatal Johnsens 1847*, *Nýja Jarðabók 1861* og *Fasteignabók 1922*.

Lögin skilgreina þrjár prentaðar bækur sem „leyfilegar“ heimildir í eignarrétti landskipta.

Bækurnar þrjár eru sjaldan samhljóða.

Aðeins bók Johnsens er oftast samhljóða við eignaskjöl.

Bók Johnsens er uppskrift sem vitnar ítrekað rangt í frumskjöl.

Hæstiréttur Íslands kaus í dómi nr. 610/2007 að byggja á villu í uppskrift Johnsens.

Sönnun um eign í landi á að ráðast af almennum reglum eignarréttar um gilda sönnun og úrskurðarvald í höndum dómara. Snemma árs 2017 skrifaði undirritaður um eignarrétt á landi í Morgunblaðið. Þá er umfjöllunarefnið á vefsíðunni: <https://www.landskuld.is>.

Grundvöllur laganna hefur lítið verið skoðaður og mín vinna leiðir í ljós að fyrrgreind lög eru fúafen. Bók Johnsens er misjöfn uppskrift úr handritum og er verkið þó eini partur lagagrunnsins, sem oftast er að almennum eignarréttarlögum. Í formála gerir Johnsen skil á hvaða handrit eru heimildir, en það eru:

1. Skýrslur sýslumanna 1843-44, handritið *ÍB 22 fol.*, í Þjóðarbókhliðu.
2. *Jarðabók 1803-07*, handrit skráð E/60 til E/81, á Þjóðskjalasafni.
3. *Jarðabók Skúla fógeta 1760*, handrit skráð E/22 til E/58, nema E/44 og E/57, á Þjóðskjalasafni.
4. *Jarðabók Árna og Páls 1702-14*, til á prenti.
5. *Jarðabók sýslumanna 1695-97*, handritið *AM 463 fol.*, oft ársett 1696, í Árnastofnun.

Johnsen skilgreinir hvert hann sækir heimildir. Skýrslur sýslumanna 1843-44 skráir hann ýmist: „nú“ eða „sýslumaður“. Þegar Johnsen vitnar í „jarðabækurnar“ er tilvísun hans í fyrirtaldir heimildir.

Þrátt fyrir að í bók Johnsens sé ítrekað vitnað rangt í frumrit er bók hans gerð að grundvelli landskiptalaga. Vegna villnanna er brýn þörf að frumritin að bók Johnsens séu einnig metin grundvöllur til að rétta að nokkru hin afleitu lög. Hér tek ég fram að allar heimildir eiga að koma til álitá, sem gild sönnun í réttum lögum um landskipti.

Jarðabók Skúla 1760 er meginheimild Johnsens. Verk Skúla hefur nær enga umfjöllun fengið á prenti. Handritið er skrifað í Höfn á árunum 1760-69 og mun hann hafa stýrt verkinu í samráði við dönsk stjórnvöld. Á Alþingi 1857 orðar Jón Sigurðsson jarðabókamál svo:

„Hið eina jarðamat, sem fram hefir farið hér á landi, það sem samið var 1802 – því jarðabók Árna Magnússonar er ekki annað en jarðalýsing, og jarðabókin 1760 er gjörð af Skúla landfógeta heima í stofu hans eptir jarðabók Árna og skýrslunum til tukhússtollsins.“

Sú skrifstofa var í Kaupmannahöfn. Skúli var þar lengstum, langa vetur, á árunum 1760-69. Handrit Skúla er uppskrift sem byggir á fjórum heimildum:

- Jarðabók sýslumanna 1695-97 eða handritið *AM 463 fol.*, oft ársett 1696.
- *Jarðabók Árna og Páls 1702-14*.
- Skýrslur sýslumanna 1752-67, þ.e. *Jarða- og bændatal*, í Landshöfðingjasafni Þjóðskjalasafns, samkvæmt Instruction Rentukammers til Skúla landfógeta 1.5.1751.
- Þingsvitni sýslumanna 1759, samkvæmt Kongelig Resolution um tukhúsið 20.3.1759. Á var lagður aukaskattur vegna byggingar Múrsins; núverandi Stjórnarráðs Íslands.



Tómas Ísleifsson

Aðaltilgangur jarðabókargerðarinnar var gjaldheimta á tíund, landskuld og kúgildaleigu. Verkinu var ætlað að vera handhægt og öruggt uppflettirit fyrir stjórnvöld og því eru samrit með einum eða öðrum hætti mörg. Innihaldið geldur nokkuð útlúraðs aldarandans.

Mestu varðar að hver jörð landsins er skráð samkvæmt þremur heimildum í Jarðabók Skúla. Í Múla- og Skaftafellssýslum samkvæmt:

handritinu *AM 463 fol.*, *Jarða- og bændatal 1752-67* og þingsvitnum sýslumanna 1759.

Aðrar jarðir á landinu eru skráðar samkvæmt:

Jarðabók Árna og Páls 1702-14, *Jarða- og bændatal 1752-67* og þingsvitnum sýslumanna 1759.

Sjón er sögu ríkari; á fyrrgreindri vefsíðu er *Jarða- og bændatal 1752-67* og hluti *Jarðabókar Skúla 1760*, bindin tvö um einkaeign.

Sé gengið út frá því að skráning á Þjóðskjalasafni sé rétt, skiptist Jarðabók Skúla í eftirfarandi:

- A. Tvö bindi eru um jarðir í einkaeign og kirkjujarðir í einkaeign á landinu öllu.
- B. Þrjú bindi eru kirkju-, fátækra- og kóngsjarðir; það er kirkjulén eða staðir, kóngslén og fátækrajarðir.
- C. Eitt bindi er skráð eftir skýrslum þingsvitna haustið 1759 vegna tukhústolla.
- D. Bindi um sýslur eru 16 og ná yfir allar sýslur, nema Múla- og Skaftafellssýslur.
- E. Viðbætur er tvö bindi.
- F. Samrit og eftirrit eru 11 bindi.

Hér eru talin 35 bindi, en verkið allt í einriti 24 bindi og skakkar einu framyfir talningu í ævisögu Skúla eftir Jóns J. Aðils árið 1911. Ekki veit ég hvort einkaeignarbindin tvö eru samhljóða sýslubókunum sextán, sem eru torlæsar vegna flúrstíls.

Þar sem uppskriftin; Jarðatal Johnsens 1847, er grundvöllur laga, hljóta *Jarðabók Skúla 1760* og handritið *AM 463 fol.* einnig að vera grundvöllur núgildandi laga í Múla- og Skaftafellssýslum. Í öðrum sýslum landsins er lagagrunnurinn rit Skúla og *Jarðabók Árna og Páls 1702-14*.

Höfundur er líffræðingur. linekra@simnet.is

Rétt skjöl og röng

Eftir Tómas Ísleifsson

Eftir Tómas Ísleifsson: "Jarðabók Skúla 1760, vísar í Jarða- og bændatal 1752-67. Þá er sýnt að í jarðabókina er skráður rangur dýrleiki Ytri-Sólheima; ekki eftir bændatalinu."

Fyrir viku skrifaði ég í blaðið um eignarrétt landskipta. Fram komu tengsl heimilda frá átjándu- og níjtjándu öld. Ein heimildin er *Jarðabók Skúla 1760*, sem vitnar í eldri skjöl um dýrleika jarða. Í deilum um stærð eignarparta á Ytri-Sólheimum misfór Hæstiréttur með sönnunargögn í málinu nr. 610/2007. Ég vísa til fyrri skrifa í blaðið um málefnið og á vefsíðuna: www.landskuld.is

Heimildir í meira en fjögur hundruð ár bera að jörðin sé 100 H að dýrleika, bændaeygnin. Skráður dýrleiki í uppskrift Skúla er 120 H og 20 al.

Í síðustu blaðagrein er fullyrt að *Jarðabók Skúla* sé uppskrift úr *Jarða- og bændatali 1752-1767*. Hér legg ég fram tilvísun í gögn, sem sýna að dýrleiki Ytri-Sólheima í *Jarðabók Skúla* er ekki samkvæmt fyrirmælum í bókinni sjálfri. Tilvísanir mínar eru í:

Frumritið; *Jarða- og bændatal 1752-1767*.

Uppskriftina; *Jarðabók Skúla 1760*.

Sönnun um fyrirmælin í *Jarðabók Skúla* við samanburð á formálum sýslna í handritunum tveimur.

Í formála *Bændatalsins* fyrir Vestur-Skaftafellssýslu á síðu 59 tilgreinir Þorsteinn Bjarnason, að á næstu síðum séu „Specification“ jarða árið 1753. Á síðu 70 undirritar og innsiglar Þorsteinn skýrsluna. Í *Jarðabók Skúla 1760* er á síðu 71 vitnað um að skráning sýslunnar sé samkvæmt „Specification“ jarða sýslunnar í skýrslu Þorsteins frá árinu 1753. Samskonar tilvísanir eru fyrir allar sýslur í riti Skúla. Hér er enginn vafi.

Á vefsíðu minni er flipinn: „Skúli fógeti“. Þar eru klippur úr fyrrtöldum handritum, sem sýna tengslin.

Þá liggur fyrir að sýna að dýrleiki Ytri-Sólheima í uppskriftinni; *Jarðabók Skúla*, er ekki samkvæmt frumheimildinni; *Bændatalinu*.

Bændatalið er skráð af Þorsteini Bjarnasyni (um 1725-1760) á Ketilsstöðum í Dyrhólahreppi, en hann var lögsagnari fyrir föður sinn Bjarna Nikulásson (1681-1764) sýslumann á Ytri-Sólheimum. Klippa úr 59. síðu handritsins er á meðfylgjandi mynd. Hluti textans er:

„Jordens Dyrhed

H al

Solheimar ½ Kirke Jord 100

½ Proprietarii Jord 100 40 “

Hér er enginn vafi. Bókin er strikuð í dálka og fremsti töludálkur er í síðuhaus skilgreindur: „Jordens Dyrhed, H al.“ Tölurnar „100 40“ ber því að lesa sem 100 H og 40 álnir. Í 1 H eru 120 álnir. Niðurstaðan er: Kirkjueign 100 H, hlutur eignarmanna 100,33 H. Öll eignin þannig reiknuð 200,33 H.

Jarðabók Skúla 1760 var skrifuð í Kaupmannahöfn og bundin í skinn með gylltum áletrunum. *Bændatalið* með skýrslum sýslumanna er einnig veglega innbundið og hefur Skúli flutt skýrslurnar með sér til Hafnar og heim aftur eftir 1770.

Í Höfn útleggur skrautritari yfir á bók Skúla örlagaríka villu: „1 HH 20 al“. Það skilur sá er hér skrifar, einnig Jón Johnsen í Höfn árið 1847 og aðrir landar fyrr og síðar, sem stórt hundrað eða samtals 120 1/6 H. Ég kann enga skýringu á hvernig skrifarinn afbakar 200 hundruð og 40 álnir og gerir að 120 hundruðum og 20 álnum. Enda er það aukaatriði. Staðreynd er að skráning hans er einfaldlega ekki eftir frumritinu.

Skrifaranum danska skjöplast og skráir ekki samkvæmt frumheimild frá Íslandi; skýrslum



Tómas Ísleifsson



[Smellið til að sjá stærri mynd]

sýslumanna. Það er ekki í eina skiptið í veraldarsögunni, sem villa slæðist í uppskrift. Glæsiritið; *Jarðabók Skúla*, með handbragði heimsborgar kemur til Íslands árið 1928.

Uppskriftin; *Jarðabók Skúla 1760* skráir rangt dýrleika Ytri-Sólheima og er því marklaust plagg í eignarrétti Sólheima. Dómur Hæstaréttar var byggður á tveimur heimildum, *Jarðabók Skúla 1760* og á rangri tilvísun Johnsens í *Jarðabók 1804-07*. Hér er lögð fram gild sönnun um aðra villuheimild réttarins.

Sönnun um hina villuheimildina er í réttarskjölunum – dómurinn misfór með sönnunargögn. Hér er lögð fram ný heimild eftir dóm.

Sólheimakirkja og eignarmenn áttu Sólheimajörðina, að hálfu hvor. Á það hafa aldrei verið bornar briggður. Skráning Þorsteins er um tvennt óvænt. Sýslumenn skráðu jarðabækur og er Þorsteinn sá fyrsti til að skrá hlut kirkjunnar. Þorsteinn hefur verið listaskrifari. Talan 40 er torkennileg og með öðru handbragði.

Hún skiptir þó litlu um deilur á Sólheimum síðasta mannsaldurinn. Álnirnar 40 eru 0,33 H að dýrleika eða 0,17% jarðarinnar. Meginmál er að uppskriftin frá 1760 vitnar ekki í frumritið frá 1753.

Samt vil ég skýra tilvist tölunnar. Ódæmi eru að ætla höfuðbóli fornan dýrleika upp á brot. Ég tel að Þorsteinn hafi fyrst skrifað dýrleika eignarmanna 100 H. Síðar hefur hann bætt við álnunum fjörutíu. Það þarf ekki rithandarsérfræðing til að sjá að „40“ er krotað aftan við 100 hundruðin, eftir á. Hvað gekk honum til?

Heimildir um fyrrgreinda feðga bera að þeir hafi þekkt eignarrétt Sólheima. Í *Bændatalinu* var þeim vandi á höndum. Þeim var gert að brjóta blað í embættisfærslum sýslumanna með því að skrá bæði dýrleika kirkju- og eignarmanna, sem þeir leystu á þann eina veg, sem fær var. Álnirnar fjörutíu voru hins vegar ekki réttmætar.

Lausn gátunnar kemur í næstu tveimur greinum.

Höfundur er líffræðingur. linekra@simnet.is

Dýrust jörð á Íslandi

Eftir Tómas Ísleifsson

Eftir Tómas Ísleifsson: „...Sólheimakirkja á þrettán hundrud tvenn fríd og allt heimaland hálf til sjós og lands. Enn hún tíundast fyrir tíutigi hundrada kaupa hluti...“

Í Morgunblaðinu þ. 7.3. 2018 var birt mynd af 200 H fornum dýrleika Ytri-Sólheima úr *Jarða- og bændatali 1752-67*. Myndin er hér birt að nýju. Skráning Ytri-Sólheima er óvænt og þarfnast umfjöllunar.

Að fornu lagði kirkju- og kóngsvald áherslu á að skrá tíund og leigur af jarðeignum svo og leigufénað. Skráning á dýrleika jarða var götött. Fyrir siðaskipti héldu hvorki Alþingi, kirkjuvald eða kóngur skrá um jarðeign eignamanna. Þar gætti hver síns, með því að skrá og þinglýsa kaupbréfi að jarðahundruðum.

Sjaldan var tilgreindur heildardýrleiki jarðar. Þess þurfti ekki. Skyldan, að mæta á hreppsþing þar sem tíund og eignarbréf voru lesin upp var næg staðfesting. Eignamenn varðveittu kaupbréf að jörðum mann fram af manni. Við nýja sölu var vitnað í gamla bréfið. Rekjanleiki var trygging fyrir að ekki væri verslað með þjófstolið góss.

Biskupsstólar og klaustur héldu skrár um jarðeignir. Oftast að tiltekin kirkja eða klaustur ætti ákveðnar jarðir. Þær jarðir voru guðseignir, sem ekki heimilaði sölu á eignum sínum og dýrleiki oft óklár. Kirkjuvaldinu var hins vegar nauðsyn að eiga skrár um landskuld, þ.e. leigu af jörðum Guðs.

Elstu heimildir um eignir kirkna og klaustra eru máldagasöfn biskupa. Lýsingar eru stuttar, oftast að kirkjan eigi „heimaland hálf“, þ.e. jörð að hálfu. Biskupar í kaþólsku gerðu engan reka að því að telja upp eignamenn og eignaparta kaupahlutans. Eignamenn sáu sjálfir um sitt. Eign bændakirkna í heimajörð er vantalin í bókum sýslumanna. Af þeim eignum galst ekki tíund.

Áhöld eru um hvort eignamenn töldu sig einnig eiga kirkjuhluta bændakirkjujarða og það þó að biskupar áminntu þá um að þeir væru „kirkjunnar vörslumenn“ og að kirkjan ætti „heimaland hálf“ en í hinu orðinu tiltók biskup með réttu „eignamenn jarðar“.

Í Gíslamáldögum um 1570 er skráð að á Ytri-Sólheimum er: „...Item gardurinn tíutugir hundrud...“. Þá er á Þjóðskjalasafni vottuð afskrift úr máldagasafni Odds biskups, árssett 1593. Þar segir m.a.:

„Framburdr séra Þorláks Einarssonar um kirkjur í Út-Mýrdal tjáðr Oddi biskupi Einarssyni...Sólheimakirkja á þrettán hundrud tvenn fríd og allt heimaland hálf til sjós og lands. Enn hún tíundast fyrir tíutigi hundrada kaupa hluti.“

Valdsmenn kirkju og hrepps gættu þess að tíunda jarðeign eignarmanna. Tíund var lögð á skráða eign samkvæmt kaupbréfum. Kirkjueign var tíundarfrí. Ekki er vafi að Sólheimakirkja átti hálfu jörðina. Um það votta máldagar og fjöldi vísitasía biskupa.

Hve dýr var þá jörðin öll? Eftir orðanna hljóðan kaupahlutinn 100 H og kirkjuhlutinn jafndýr 100 H. Jörðin öll þannig 200 H. Með því er sagt að Ytri-Sólheimar séu dýrust jörð á landi hér að fornu mati. Til samanburðar eru jarðirnar Grund og Möðruvellir í Eyjafirði skráðar 160 H í handritinu AM 463 fol. eða jarðabók 1696 – og finnast þá ekki dýrari ból í landinu.



Tómas Ísleifsson



[Smellið til að sjá stærri mynd]

Dýrleiki Sólheima stingur raunar lítt í augu. Landrými er mikið og skjólgott. Fyrir gos í vestanverðum Mýrdalsjökli um 1357 hafa landgæði verið yfrin. Þá var fjara rekasæl og auðsæl mið fyrir landi. Séra Þorlákur sagði í skýrslu sinni: „*til sjós og lands*“. Á Sólheimum var kirkja helguð Maríu guðsmóður og við Jökulsá er lífhöfnin Maríuhlið. Dýrar voru Mýrdalsjarðir vegna sjávarafla. Í Jarðabók 1697 er Reynir að reiknuðum dýrleika 358 H og 80 álnir. Landsetum bar að gjalda leiguna með fleiru en einni saman hættulegri sjósókn úr Reynishöfn – fjöru.

Séra Þorlákur er traust heimild. Hann er fæddur fyrir 1530 og deyr um 1600. Árið 1555 eða fyrr er hann lögréttumaður og á part í Eystri-Sólheimum og hefur sennilega búið þar. Um 1567 varð hann prestur í Sólheimabingum. Einar sonur Þorláks var einnig lögréttumaður, bjó á Ytri-Sólheimum og var tengdasonur Péturs bónda Þorleifssonar, sem nefndur er þar í Gíslamáldögum 1570. Sonarsynir Einars eru eignarmenn Sólheima í fjórum vísitasíum biskupa á sautjándu öld, síðast árið 1677. Í skýrslum biskupa er kaupahlutinn 100 hundruð. Ættar Þorláks er síðast getið á Sólheimum í jarðabókinni 1697, þ.e. handritinu AM 463 fol.. Þar er skráð að Vigfús Sigurðsson hafi þ. 23.12. 1684, sér til próventu, gefið í jörðinni 19 H og 15 al. Að Vigfúsi stóðu fleiri höfðingjaættir. Guðrún Erlendsdóttir móðir hans var sonardóttir barna Hjalta og Önnu á Stóruborg.

Eftir siðaskipti gaf konungsvaldið fyrirmæli til sýslumanna að skrá jarðabækur. Í jarðabók frá 1597 er jörðin skráð: „*tíutíu hndr. med gardinum*“. Þar mun kóngsvaldið hafa leitað til Odds biskups um kaupahlutann.

Brynjólfur biskup skráði kaupahlut Sólheima ítrekað „*tíutíu hundrud*.“ Eignarmenn áttu að upphalda kirkjuna í hlutfalli við „portion“. Summa eignarparta í þremur vísitasíum er: 100, 100 ½, 99 5/6. Hjá Þórði biskupi er jörðin 100 H. Í jarðabókum 1695, 1697 og um 1720 er dýrleiki 100 H. Í jarðabókinni 1697 eru skráðir eigendur og eignarpartar samtals 99,6 H. Í vísitasíum Jóns biskups Árnasonar 1724 og 1741 eru eignarhlutir bænda samtals 100 H.

Ónákvæm summa hjá Brynjólfi biskupi og í jarðabók 1697 var vegna fjarbúandi eigenda. Ekki voru öll eignarbréf við hendina.

Framhald síðar.

Höfundur er líffræðingur. linekra@simnet.is

19. júní 2018 | Aðsent efni | 782 orð | 1 mynd

Fornir höfðingjar Sólheima

Eftir Tómas Ísleifsson

Eftir Tómas Ísleifsson: „...skýrslan, þinglýst og vottuð ...hefur meira vægi eignarrétti...en villuheimildir, uppskriftirnar: Jarðabók Skúla 1760 og Jarðatal Johnsens 1847.“

Í grein í Morgunblaðinu 24.4. 2018 skrifaði ég um eignarrétt Ytri-Sólheima til miðrar átjándu aldar. Hér eru þau mál áfram rakin og fjallað meir um þátt Bjarna Nikulássonar (1681-1764) í þeirri sögu:

Sjálfsævisaga Bjarna er varðveitt og sýslulýsing hans á dönsku. Í ævisögunni kemur fram að á unglingsaldri er hann við fjármennsku hjá stóreignahjónunum Páli Ámundasyni yngsta og Guðrúnu Hákonardóttur á Sólheimum ytri. Saga hans stendur heima við manntalið 1703. Bjarni var þrífur og missti fyrstu konuna í stórubólu eftir fárra vikna hjónaband. Niðjar hans með báðum seinni konunum eru fjölmargir.

Bjarni var lögréttumaður 1709 og á næstu árum. Árið 1717 varð hann sýslumaður í vestursýslunni til 1728 er hann var dæmdur frá sýslu. Sýsluvöld sótti hann að nýju til Hæstaréttar í Höfn 1735 og hélt til 1757. Bjarni bjó á Sólheimum til 1711 og eftir það víða í Mýrdal og Álftaveri. Bjó hann þá á jörðum Þykkvabæjarklausturs, en hann var klausturhaldari lengi. Frá 1753 til dauðadags, 1764, bjó Bjarni á Sólheimum í Bæjarstað og þáði þar síðasta sakramenti hjá séra Jóni Steingrímssyni.

Bjarni átti frá unga aldri 10 H í Ytri-Sólheimum, en árið 1749 var hlutur hans 37 5/12 H eftir þrenn ný kaup. Hinn 13. júní 1749 var dómþing á Dyrhólum vegna 26 H fjárkröfu konungs í Ytri-Sólheimum. Forsaga málsins er að Jón Þorsteinsson klausturhaldari og um tíma sýslumaður hafði „pantsett“ hjá Eyrarbyggðakaupmanni 26 H kaupahlut auðkonunnar Guðrúnu Hákonardóttur í Sólheimum, án þess að vera handhafi veðsins. Jón var eiginmaður Kristínar Árnadóttur, bróður- og stjúpdóttur Guðrúnu.

Sækjandi dómsmálsins, séra Hálfðan Gíslason í Eyvindarhólum, krafðist þess að dómurinn hafnaði kröfu amtmanns; því krafa kóngsváldsins væri reist á ólögmætri veðsetningu. Ágætar heimildir eru um málið og þau fyrimenni, sem þar koma við sögu og flest höfðu staðfestu á Sólheimum. Séra Hálfðan var tengdasonur Kristínar Árnadóttur, sem þá var ekkja. Dómari var Bjarni Nikulásson sýslumaður, gjörkunnugur öllu frá fornu á staðnum.

Krafa konungs hefur hert á eigendum jarðarinnar að hafa á sér andvara um að gæta eignarhaldsins. Árið 1751 varð Þorsteinn Bjarnason, lögsagnari föður síns, og kom í hans hlut að skrá jarðir sýslunnar samkvæmt Instruction Rentukammers í Höfn þ. 1.5. 1751 til landfógeta.

Sýslumenn á undan Þorsteini skráðu Ytri-Sólheimum eins og biskupar; kaupahlutann 100 H og nefndu ekki kirkjueignina. Það var skilið svo á nítjándu öld að kaupahlutinn væri í raun 50 H og kirkjuhlutinn einnig 50 H, enda þótt gömul hefð væri að skrá kaupahlutann 100 H. Að svo hafi verið útlagt sýnir Landsyfirréttardómur 27.11. 1871. Samt héldu eignarmenn áfram að kaupa kaupahlutann, sem 100 H.

Í fyrri greinum í blaðinu kom fram að Þorsteinn skráir kirkjuhlutann 100 H og kaupahlutann 100 H. Það er í samræmi við skýrslu Þorláks prests frá 1593 og sýnist rökrétt að gefnum forsendum, en þá þvert á útlaggingu nítjándu aldar.



Tómas Ísleifsson

Hvers vegna bætir Þorsteinn við álnunum 40? Því er til að svara að kaupbréf jarðarinnar á sautjándu og átjándu öld, og raunar einnig síðar, höfðu ekki alltaf summuna 100 – nákvæmlega.

Það er ógott fyrir eigendur ef eignarpartar eru færri eða fleiri en eignin öll. Hver á að fá part sem er afgangur eða hver á ekki að fá sinn hlut ef aðilar oft elja sér? Voru eignarbréf að jörðinni oftalin um 40 álnir? Skráði Þorsteinn svo til að hindra að bréfin lentu í uppnámi? Ef svo, þá ólöglegt fölsun hans! en gæti kallast rökrétt redding?

Bjarni hafði marga fjöruna sopið, sem valdsmaður og í jarðaprangi. Þeir feðgar hafa vísast viljað tryggja að eignarbréf eigenda kæmust ekki í uppnám. Annað mál er að álnaskráningin breytti ekki dýrleika jarðarinnar að lögum. Til slíkra breytinga þurfti vottaða og þinglýsta löggæringa.

Í fyrri greinum kom fram að Skúli fógeti flutti skýrslu Þorsteins til Hafnar til jarðabókargerðar ásamt skýrslum annarra sýslumanna. Skýrslurnar; *Jarða- og bændatalið 1752-67* er í Landshöfðingjasafni Þjóðskjalasafns. Uppskriftin ýktskreyttu, í stíl við rókókó aldarandans; *Jarðabók Skúla 1760* kom ekki til Íslands fyrr en árið 1928 ásamt fleiri skjölum úr Rentukammeri.

Mýrdælingar hafa áfram lifað og dáið óvitandi um skráningu þeirra feðga; Þorsteins og Bjarna eða villuna í Kaupmannahöfn. Þorsteinn veikist og deyr um 1760 og nýr sýslumaður hélt sýsluna á efstu dögum Bjarna.

Enn fékk konungsvaldið skýrslu og þá vegna tukhústolla, samkvæmt Resolution Rentukammers 20.3. 1759. Á Dyrhólaþingi 10.11. 1759 votta átta þingvitni skýrslu Lýðs Guðmundssonar sýslumanns, um dýrleika jarða í Dyrhólahreppi. Þar eru Ytri-Sólheimar skráðir bændaeygn 100 H, svo sem þá hafði verið um kaupahlutann frá setningu laga um tíund í landinu árið 1096.

Á vefslóðinni: <https://www.landskuld.is/skjol> eru myndir af skýrslunni á Dyrhólaþingi. Á vefnum eru einnig bæði *Bændatalið* og *Jarðabók Skúla*.

Allir réttisýnir menn hljóta að sjá að skýrslan, þinglýst og vottuð á þingstað, hefur meira vægi í eignarrétti Sólheima, en villuheimildir, uppskriftirnar: *Jarðabók Skúla 1760* og *Jarðatal Johnsens 1847*.

Höfundur er líffræðingur linekra@simnet.is